



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 29. mars 2017
SFS2017030024
2.6.0
HG/ag

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Niðurstöður heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur - Ósk um umsögn

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. mars 2017 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum:

Áheyrnarfulltrúi foreldra í grunnskólum leggur til að árlegar niðurstöður heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna skoðunar á grunnskólum í Reykjavík verði gerðar opnar og aðgengilegar á vefsvæði Reykjavíkurborgar í samræmi við upplýsingastefnu borgarinnar, á sama hátt og m.a. starfsáætlanir skóla og mat á starfi skóla- og frístundastarfs.

Lögð fram svohljóðandi málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að leita umsagnar umhverfis- og skipulagsviðs, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um tillögu um birtingu árlegra niðurstaðna Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Með vísan til framangreinds er óskað eftir umsögn.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Samrit:
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Umhverfis- og skipulagssvið